



UPPLÝSINGAR TIL FJÖLMIÐLA
FRÁ
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

BILL CLINTON OG HILLARY RODHAM CLINTON Á BESSASTÖÐUM

Bill Clinton fyrrverandi forseti Bandaríkjanna og eiginkona hans Hillary Rodham Clinton öldungardeildarþingmaður heimsækja forseta Íslands Ólaf Ragnar Grímsson og forsetafrú Dorrit Moussaieff á Bessastaði í dag, þriðjudaginn 24. ágúst, kl. 16:00. Fyrirhugað er að heimsóknin vari um 40 mínútur.

Fjölmiðlum er heimilt að vera viðstaddir og taka myndir við upphaf heimsóknarinnar utandyra og innandyra við upphaf fundar forsetahjónanna, sem og í salnum við lok heimsóknar Clinton hjónanna til Bessastaða.

Fjölmiðlamönnum er góðfúslega bent á að koma til Bessastaða eigi síðar en 15:45.

24. ágúst 2004